



Norræn ráðstefna um sjónráðgjöf 2022

"Leiðin til sjálfstæðis" -Áskoranir og leiðir í sjónráðgjöf

Afmælisár - Velkomin á 10. norrænu ráðstefnuna um sjónráðgjöf sem haldin verður 7.–9. september 2022. Ráðstefnan er ætluð fagfólki sem starfar með sjónskertum og blindum einstaklingum á öllum aldri.

Ráðstefnustaður: LEGOLAND Hotel & Konference, Aastvej 10B, 7190 Billund í Billund, Danmörku

Í samfélagi þar sem sífellt eru settar fram auknar kröfur um sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins er mikilvægt að leggja áherslu á félagslega þátttöku og nám án aðgreiningar. Hvað geta sjónráðgjafar gert til þess að skapa jöfn skilyrði fyrir einstaklinga með sjónskerðingu eða blindu á öllum aldri, í mismunandi aðstæðum og umhverfi.

Nauðsynlegt er að beina athyglinni að nýrri þekkingu og rannsóknum á sviði félagslegrar þátttöku og náms án aðgreiningar sem og aðgengis í samfélaginu. Með ráðstefnunni skapast auk þess rými til að miðla reynslu og þekkingu milli fagfólks á Norðurlöndunum.

Ráðstefnan samanstendur af fyrirlestrum, veggspjöldum og vinnusmiðjum auk þess sem framleiðendur og söluaðilar hjálpartækja kynna nýjustu tækni og hjálpartæki.

Skráning er hafin á heimasíðu ráðstefnunnar.

Verð **5690.00 DKR** fyrir fyrstu 200 sem skrá sig en eftir það er gjaldið **7025.00 DKR**

Upplýsingar verða stöðugt uppfærðar á heimasíðu ráðstefnunnar

www.nordisksynkongress.com

